

# HLIÐIÐ og VEGURINN

Helgiathafnir og sáttmálar prestdæmisins færa okkur á veginn til eilífs lífs og blessa okkur með þeim styrk sem við þurfum einmitt nú.

Við sækjumst öll eftir eilífu lífi, sem er endurlausn og upphafning í æðstu dýrðargráðu himneska ríkisins, þar sem við getum dvalið í návist himnesks föður sem fjölskyldur.

Auk trúar á Jesú Krist og iðrunar, gera helgiathafnir og sáttmálar prestdæmisins okkur kleift að komast á veg eilífs lífs. Engu skiptir hvenær þið komuð á veginn eða hvar þið eruð stödd á honum — engu skiptir hvort þið fæddust í kirkjunna eða genguð í hana síðar, hvort þið hafið verið virk alla ævi í kirkjunni eða hafið nýlega orðið virk aftur — Þið getið náð að þróast áfram, þegar þið einblínið á sáttmála ykkar og það sem þið getið gert til að meðtaka og halda þá.

Mikilvægt er að vita að helgiathafnir og sáttmálar prestdæmisins gefa ekki bara fyrirheit um dýrðlega framtíð. Við hljótum líka þann styrk, huggun og stuðning sem við þurfum einmitt nú, til að fylgja veginum og standast allt til enda í réttlæti. ■



„Það sem er enn mikilvægara er að það er prestdæmisvaldið innan kirkjunnar sem sér okkur fyrir helgiathöfnum og sáttmálum sem binda fjölskyldur saman

og gera okkur öll hæf til að snúa aftur til Guðs föðursins og Jesú Krists í himneska ríkinu. Þessar helgiathafnir færa okkur frið vegna þess að þær eru sáttmálar við Drottin.“

Öldungur Quentin L. Cook, í Tölfpostulasveitinni, „Personal Peace: The Reward of Righteousness,” *Liahóna*, maí 2013, 34.



Hlið

SKÍRN



Sakramentið — vikuleg endurnýjun skirnarsáttmálans

GJÖF HEILAGS ANDA

## VEGUR EILÍFS LÍFS (STANDAST ALLT TIL ENDA)

Sjá 2 Nei 31

NAUÐSYNLEGAR HELGIATHAFNIR OG SÁTTMÁLAR  
ENDURNÝJA OG EFLA HELGIATHAFNIR

Patriarkablessanir — sérstök persónuleg leiðsögn og loforð um blessanir

VEITING OG VÍGSLA PRESTDÆMISINS (FYRIR PILTA)

MUSTERISGJÖF

Blessanir fyrir sjúka — líkn og lækning

Föðurblessanir og aðrar blessanir til huggunar og handleiðslu — friðar og leiðsagnar þegar þörf er á

## HJÁLP Á FÖRNUM VEGI

**Ritningar** — leiðsögn og fyrir-mæli gefin sem hluti af sáttmála á milli Guðs og fólks hans (sjá K&S 84:57)

**Bæn** — „[Meistarinn] býður okkur að gera sáttmála um að ‚hafa hann ávallt í huga‘ og minnir okkur á að ‚biðja án afláts,‘ og að setja traust okkar á hann, okkar eina skjól“ (Henry B. Eyring forseti, fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, „Ávallt,” *Ensign*, okt. 1999, 9).

**Þjónusta** — við uppfylfum sáttmála okkar með því að þjóna Guði og börnum hans, í því felst að taka að sér kallanir, taka þátt í musteris- og ættfræðistarfi, miðla fagnaðarerindinu og þjóna í trúboði

**Iðrun** — við minnumst sáttmála okkar og nálgumst frelsarann, ef við höfum villst frá. Stundum þurfa prestdæmisleiðtogar að koma að málum og hjálpa

MUSTERISINNSIGLUN



„Þegar við höldum okkur á vegi fagnaðarindisins, boðorða þess, helgiathafna og sáttmála, **njótum við verndar og búum** okkur undir að vinna

verk Guðs í þessum heimi.“  
Öldungur Robert D. Hales, í Tölfpostulasveitinni, „Stand Strong in Holy Places,” *Liahóna*, maí 2013, 49.



„Er þið takið verðug þátt í helgiathöfnum prestdæmisins, þá mun Drottinn veita ykkur enn meiri **styrk, frið og eilíft sjónarmið.**“

Öldungur Neil L. Andersen, í Tölfpostulasveitinni, „Power in the Priesthood,” *Liahóna*, nóv. 2013, 95.



## EILÍFT LÍF (HIMNESKA RÍKIÐ MEÐ FJÖLSKYLDU)